

Verði húsbréf ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. mars 2026 og 2. flokks 15. mars 2041. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa Íbúðalánasjóðs undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fynast sé þeim ekki lýst hjá Íbúðalánasjóði innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. mars 2001.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum er hvers konar varsla og meðferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskilinni kókaínlausn 4% (Solutio cocaini 4% Ph.Nord.) sem heimilt verður að nota einvörðungu við augnaðgerðir.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 314/1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. mars 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ingolf J. Petersen.